146. löggjafarþing 2016–2017.
Þingskjal 1019 — 534. mál.

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur um stöðu viðræðna um TiSA-samninginn.

1. *Hver er núverandi staða í viðræðum um TiSA-samninginn?*

Viðræðurnar um TiSA-samninginn hafa verið í biðstöðu frá því í desembermánuði á síðasta ári. Engar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi framhald viðræðnanna.

2. *Hvenær er næsta samningalota fyrirhuguð og hvenær stendur til að skrifa undir samninginn?*

Engin ákvörðun hefur verið tekin um dagsetningu á næstu samningalotu. Ekki hafa verið sett nein tímamörk varðandi lok samningaviðræðna eða undirritun samnings.